

Málning hf.
Dalvegi 18
201 Kópavogi

8. janúar 2026
UOS2501524/M.S.

Efni: Reglubundið eftirlit þann 17. nóvember 2025 – ID 98

Þann 17. nóvember sl. fór fram reglubundið eftirlit í Málningu hf. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Eitt frávik kom fram er varðar:

1. **1. tl. 5 gr. nr. 796/1999.** Mengun vatns er óheimil. Losun efna og úrgangs í vatn, þ.m.t. efni á listum I, II og III og IV í viðauka með reglugerðinni, er óheimil nema í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar, viðaukum með henni og starfsleyfa. Mengun vatns er óheimil. Losun efna og úrgangs í vatn, þ.m.t. efni á listum I, II og III og IV í viðauka með reglugerðinni, er óheimil nema í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar, viðaukum með henni og starfsleyfa. Samkvæmt niðurstöðum greiningar á fráveituvatni frá rekstraraðila greinast efni sem eru á listum í viðaukum reglugerðarinnar sem er óheimilt að losa.

Umhverfis- og orkustofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 3. febrúar 2026.

Virðingarfyllst,

María Svavarsdóttir

Teymi eftirlits

Freyr Ævarsson

Teymi eftirlits